



BÓKASAFN



Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er sérhæft safn á sviði uppeldis, kennslu, umönnunar og þjálfunar. Safnið er hið stærsta sinnar tegundar hérlendis og einkum ætlað nemendum og starfsmönnum Menntavísindasviðs en er jafnframt öðrum opið sem sérfræðisafn. Bókasafn Menntavísindasviðs er í nánú samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Safnkostur

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur og telur ríflega 90 þúsund skráð eintök. Áhersla er lögð á efni sem styður við nám, kennslu og rannsóknir á sviðinu. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur vega þýngst en einnig eru í safninu, tímarit, lokaverkefni, tölvugögn, myndbönd, spil og barnabækur. Þá hefur safnið að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flestöllum fræðasviðum, margs konar kennslugögn á ólíkum sviðum og fyrir ýmsa aldurshópa. Einnig er mikið til af sögulegu efni, gömlum ritum um uppeldis- og kennslumál og gamlar kennslubækur sem notaðar hafa verið í skólum landsins í árána rás.

Í bókasafninu er aðgangur að margvíslegu rafrænu efni, svo sem gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og bókum. Stærsti hlutinn er aðgengilegur í landsaðgangi. Sérskriftir eru einungis aðgengilegar á tölvum sem tengdar eru Háskólanetinu. Bókasafnið er aðili að Skemmunni, rafrænu gagnasafni fyrir lokaverkefni og rannsóknarit kennara og fræðimanna háskólanna. Öll lokaverkefni nemenda eru vistuð þar síðan 2007 og er aðgangur opinn að þeim flestum á skemman.is.

Safnkosturinn er skráður í Gegni og aðgengilegur á leitir.is.





Útlán

Lánstími flestra rita er einn mánuður. Sum rit eru þó lánuð í skemmri tíma vegna mikillar eftirspurnar, önnur eru aldrei lánuð út eins og t.d. tímarit og handbækur. Upplýsingar um lánstíma koma fram á leitir.is.

Þjónusta

Bókasafn Menntavísindasviðs býður alla hefðbundna bókasafnsþjónustu svo sem útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónustu, árvekiþjónustu og aðstoð við heimildaleit. Í safninu er lesaðstaða fyrir nemendur. Eitt helsta markmið safnsins er að veita faglega þjónustu, byggja upp vandaðan safnkost og auðvelda aðgang að upplýsingum.

Rík áhersla er á notendafræðslu með það að markmiði að efla sjálfstæði nemenda við upplýsingaöflun. Boðið er upp á fræðslu í bókasafns- og upplýsingalæsi auk kynninga og kennslu í notkun einstakra gagnasafna og heimildaskráningarforrita. Fræðslufundir og námskeið eru oft skipulögð í samvinnu við ritver skólans.

Kennslugagnasafn

Bókasafn Menntavísindasviðs safnar öllu námsefni grunnskóla. Gott samstarf er við Námsgagnastofnun um sýningar og kynningar. Á safninu er föst sýning á námsefni grunnskóla.

Vefur

Vefur bókasafnsins er uppfærður reglulega og þar má finna upplýsingar um afgreiðslutíma, starfsemi og safnkost, tengla í rafrænt efni og ýmsar leiðbeiningar. Bókasafnið dreifir einnig gagnlegum upplýsingum og áhugaverðu efni á helstu samskiptavefjum.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Við Menntavísindasvið er litið á nemendur sem samstarfsfólk og lögð áhersla á samvinnu og góð tengsl milli nemenda og kennara. Einkunnarorð sviðsins eru *Alúð við fólk og fræði*.

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir:

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Kennaradeild

Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS BÓKASAFN MENNTAVÍSINDASVIÐS

Stakkahlíð
105 Reykjavík

Sími 525 5930

menntavisindasafn@hi.is
mennta.hi.is/bokasafn
facebook.com/bokasafnMVS

Safndeild Laugarvatni

Sími 525 5311

mennta-safn-laugarv@hi.is